



CQ TF



2. tölublað 16. árgangur maí 1998

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1998-1999 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varamaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VST

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:


Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



Niels Kristjánsson VE3NJK/TF3NJ smíðaði þennan sendir og sýndi í félagsheimilinu í fyrra. Vonandi segir hann okkur frá smíðinni seinna.

Meðal efnis í þessu blaði:

| | |
|---|-----------|
| Fundargerð aðalfundar ÍRA 1998 | 2 |
| Fundargerðir stjórnarfundar | 5 |
| Félagatal ÍRA 1998 | 7 |
| Félagatal Radíóskáta 1998 | 10 |
| Sagan á bak við JOTA og Radíóskáta | 11 |
| DX-Hornið | 12 |
| Merkilegt merki | 14 |
| Verður hætt við CW | 15 |
| Amatörradíósafn | 16 |

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Þróttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Fundargerð aðalfundar ÍRA

sem haldin var laugardaginn 28.02.1998 í Þróttheimum.

Skrifuð af TF3VST Vilhjálmi Sigurjónssyni.

Mættir voru: TF3AOT, TF3DC, TF3DX, TF3FB, TF3FK, TF3GB, TF3GC, TF3GW, TF8GX, TF3HP, TF3KB, TF3RB, TF3RJT, TF3TF, TF3TXT, TF3VET, TF3VST, TF3WOT, TF8004, einnig Ólafur Guðjónsson og Lárus Hjalti

Formaður félagsins TF3HP setti fundinn kl. 14:20 og bauð menn velkomna. Lagði hann til að TF3KB tæki við fundarstjórn og að TF3VST ritaði fundargerð. Var það samþykkt samhljóða. Tók fundarstjóri þvínæst við stjórn fundarins og var gengið til dagskrár.

Engin umboð frá fjarstöddum félögum komu fram.

Ritari, TF3AOT las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt athugasemdalaust.

Fundarstjóri gaf þá formanni orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

Eftir síðasta aðalfund skipti stjórn með sér verkum sem hér segir:

Varaformaður: Sveinbjörn Jónsson, TF3VET

Ritari: Ársæll Óskarsson, TF3AOT

Spjaldskrárritari: Bjarni Sverrisson, TF3GB

Gjaldkeri: Guðjón Egilsson, TF3WOT

Fjarskiptakeppni var líflegri en undanfarið og bar þátttöku í CQ WW CW hæst á starfsárinu. Munaði þar mest um þátttöku "The Sout China Sea DX Team", en frá þeim komu 4 Finnar og 2 Bandaríkjamenn. Bjarni, TF3GB tók þátt í keppninni með þeim. Árangurinn varð frábær, yfir 10 þúsund sambönd og um 15 milljón stig sem var með því besta í heiminum að þessu sinni. Miðluðu gestirnir miklum fróðleik um keppni sem þessa og þar að auki færðu þeir félaginu að gjöf forlata loftnet af tegundinni "Force-12 C3 Beam" en það er fyrir 20, 15 og 10 metra.

Þá nefndi formaður að einn þátttakendanna, Hillar N6RH skoraði sjálfur á lið ÍRA í IARU keppninni og var sett veðfé, kvöldverður í Perlunni. Náði ÍRA bærilegum árangri, 800 samböndum á 80, 40, 20 og 15 m, en N6RH gerði betur með rúm 3400

sambönd frá aðsetri sínu á Hawai.

CQTF kom út 5 sinnum á starfsárinu undir styrkri ritstjórn TF5BW. Efnisöflun hefur gengið vel að sögn, en nokkur vandkvæði hafa verið við prentun mynda, sem kvað standa til bóta. Þakkaði formaður Brynjólfi gott starf við blaðið.

VHF mál standa þannig að Búri hefur lítt verið virkur undanfarið, en loftnet hans skaddaðist í óveðri í desember, Páll hefur verið tekinn niður til viðgerða og er TF3HKT með hann í lokaprófunum. Loftnet hefur verið sett upp á Vaðlaheiði og við það sísendir til prófana með kallmerkinu TF5VVV. Ekki hefur frést hvort hann heyrir á miðhálandinu, en mun heyrast á Steingrímsfjarðarheiði og sumsstaðar í Húnavatnssýslu. Eru uppi hugmyndir um að koma á sambandi frá Suðvesturhorninu um Steingrímsfjarðarheiði og þaðan norður ef það reynist mögulegt.

Haustfundur var haldinn um reglugerðarmál, en reglugerð um starfsemi radíóamatöra er orðin allgömul og úrelt á margan hátt. Ýmsar skoðanir komu fram þar og voru þær skiptastar um morsið. Vísaði fundurinn því til prófnefndar ÍRA að móta tillögur félagsins að breytingu á reglugerðinni, sem verður síðan beint til víðeigandi stjórnvalda með óskum um breytingar. Hefur nefndin unnið allnokkuð að málinu síðan og kynnir áfangaskýrslu um það síðar á fundinum.

Félagsaðstaða er í nokkru uppnámi vegna óvissu um framtíð Þróttheima, en borgarstjórn hefur keypt húsið og hyggst selja það aftur, helst undir heilsugæslustöð. Aðsóknin hefur verið misjöfn, m.a. vegna aðstöðuskorts, en nú hefur nokkuð ræst úr eftir að félagið fékk lykjavöld að húsinu og er þá hægt að nota aðstöðuna þegar á þarf að halda og ekki rekst á aðra starfsemi. Forstöðumaður Þróttheima hefur lýst yfir ánægju með veru ÍRA í húsinu og heitið okkur liðveislu við að fá rúm í þeirri félagsmiðstöð sem mun taka við af Þróttheimum. Var búið að tilkynna félaginu að rýma yrði húsið þegar í sumar, en nú mun því vera frestað um

nokkurt skeið.

Að lokum þakkaði formaður samstarfsmönnum ánægjulegar samvistir, einkum TF3AOT, Ársæli Óskarssyni, sem ekki vill gefa kost á sér til endurkjörs til stjórnar.

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar og var hún samþykkt samhljóða.

Þá greindu embættismenn félagsins frá sínu verksviði sem hér segir:

TF3VET hafði kannað möguleika á gerð borðfána að tilmælum síðasta aðalfundar, kostaði gerð þeirra 5-700 kr. eintakið, sem þótti of mikið til að ráðast í. Heimasíða félagsins hefur þróast, en nú hefur TF5BW tekið við umsjón hennar.

TF3DX greindi frá störfum prófnefndar, en nokkurt starf hefur verið unnið við tillögur að reglugerðarbreytingum og verður það kynnt síðar á fundinum.

TF3AOT sagði frá störfum ritara, m.a. hafði tekist að fá allhæa upphæð vegna óuppgerðra rafmagnsreikninga við Rauðavatn lækkaða verulega og er það mál nú farsællega leyst.

TF3KB sagði frá IARU-Regl. Ráðstefna er á næsta ári, en undirnefndir starfa á milli þinga og hefur ÍRA ekki tekið þátt í störfum þeirra. Amatörradíó er að breytast og er vaxandi ótti við hækkandi meðalaldur þátttakenda. Rætt hefur verið um að ARRL gangi í CEPT, enfremur að áhugamannafélögin taki að sér ýmsa þjónustu sem ríkisstofnanir hafa séð um áður.

Ekki voru gerðar athugasemdir við greinargerðir embættismanna.

Næst voru reikningar félagsins lagðir fram af gjaldkera. 90 aðilar greiddu árgjöld. Drýgsti kostnaðarliður var útgáfa fréttabréfsins, en hvert tölublað kostar um 20.000 með póstkostnaði.

Þá voru umræður um reikninga.

TF3DX spurði um fjölda félaga sem hafa ekki greitt árgjöld, en ógreidd félagsgjöld eru ekki bókfærð sem slík. Gjaldkeri kvað þetta ákvörðun um færslu bókhaldsins og taldi einu gilda hvað niðurstöðutölu varðaði. Spunnust af því nokkrar umræður og taldi

TF3DX kost og nokkurt aðhald að skilvísni manna að geta séð t.d. á límmiða fréttabréfsins hvort þeir væru skuldlausir við félagið. Þá spurði TF3DX hvort reikningarnir væru óáritaðir af endurskoðendum, en það kom ekki fram á blaði því sem dreift var á fundinum með rekstrar- og efnahagsreikningi. Las þá gjaldkeri greinargerð endurskoðenda, og kom þar fram að reikningar eru endurskoðaðir og innistæður sannreyndar. Gerðu endurskoðendur athugasemd við rekstur félagsins og töldu að of margir fengju notið þjónustu þess án þess að hafa greitt tilskilin félagsgjöld. Undir reikninga ritaði TF3DC, Óskar Sverrisson.

Fundarstjóri bar þá reikninga upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

Engar lagabreytingatillögur höfðu borist.

Var nú gert fundarhlé með kaffi og kökum.

Að loknu kaffihléi var gengið til stjórnarkjörs. Úr stjórn áttu að ganga TF3AOT, Ársæll Óskarsson og TF3GB, Bjarni Sverrisson. TF3VET, Sveinbjörn Jónsson, tilkynnti að hann þyrfti nú að hætta í stjórn á miðju kjörtímabili, en hann er á förum úr landi. Þyrfti því að kjósa tvo menn til tveggja ára og einn til eins árs. Stungið var upp á TF3GB, Bjarna Sverrissyni og TF3TXT, Heimi S. Jónssyni til tveggja ára og TF3VST, Vilhjálmi Sigurjónssyni, til eins árs, en TF3AOT, Ársæll Óskarsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Voru þeir sjálfkjörnir. Þá var stungið upp á varamönnum, þeim TF3FK, Friðriki Kristjánssyni og TF3GC, Halldóri Christensen og voru þeir sjálfkjörnir. Næst var stungið upp á endurskoðendum, TF3DC, Óskari Sverrissyni og TF3FB, Gunnari Óskarssyni og TF3GW, Þóri Þórisyni til vara og voru þeir einnig sjálfkjörnir.

Næst var ákveðið árgjald og lagði gjaldkeri til að það yrði óbreytt, kr. 3000. Var það samþykkt samhljóða.

Þá voru tekin fyrir önnur mál.

TF3HP ræddi um hvernig ÍRA gæti stutt starfsemi ÍTR í Þróttheimum. Komið hefur til tals að hanna einfalt móttökutæki fyrir FM sem unglingarnir gætu smíðað í tengslum við Þróttheimadaga og rekstur

útværpsstöðvar í húsinu þá viku sem þeir standa. TF3TF tók undir þessa hugmynd, en varaði við því að vinna við þetta legðist á of fáa félag, hugsanlega þyrfti að greiða laun fyrir. TF3WOT mælti á móti því að greidd yrðu laun fyrir slíka vinnu, en þó mætti hugsanlega fá opinbera styrki út á svona verkefni, félaginu til hagsbóta.

TF3DX vakti athygli á því að gallar væru í meðferð bókstafa umfram hið ameríska stafróf í Buckmaster kallbókinni á internetinu. Benti hann mönnum á að þeir gætu farið á þar til gerða síðu á netinu og leiðrétt færslur.

TF3DX bar fundinum kveðjur frá OH2BH, Martti Laine, sem bað íslenska amatöra að reyna að ná sambandi við sig þ. 28. feb. um kl. 22.

TF3DX greindi nú fundinum frá vinnu prófnefndar varðandi tillögur ÍRA að breytingum á reglugerð um fjarskipti áhugamanna. Lagði hann fram 10 blaðsíðna áfangaskýrslu nefndarinnar, sem hefur nú farið yfir almenn atriði í núverandi reglugerð og sett fram nýjar hugmyndir um flokkun leyfa, prófkröfur, tíðnisvið og sendiafl. Fór hann yfir fyrri hluta skýrslunnar, en TF3KB yfir seinni hlutann.

Líflegar umræður urðu um tillögurnar og var almenn ánægja með þær. Nefndin óskaði eftir því að þeim væri falið að halda áfram vinnu við endurskoðun fram á vorið og var það samþykkt einum rómi.

TF3KB baðst nú undan fundarstjórn og þurfti hann víkja af fundinum. Var TF3DX settur fundarstjóri í hans stað.

TF3TXT kvaddi sér hljóðs og sagði frá söfnun sem hann hefur staðið fyrir innan vébanda félagsins til þess að kaupa nýjan endurvarpa og endurskipuleggja endurvarpamál félagsins. Hafa nú þegar safnast 105 þús. kr. og er meira fé væntanlegt. Lagði hann fram bréf um notkun fjárins og markmið söfnunarinnar, þar sem m.a. kom fram að félagið legði nokkra upphæð við söfnunarféð ef á þyrfti að halda. Samþykkti fundurinn bréfið samhljóða og veitti fénu móttöku.

TF3GX lagði til að HF stöðvar félagsins yrðu seldar og keypt ein góð stöð í þeirra stað. TF3HP tók þá til máls og sagði FT101 stöð félagsins hafa bilað nýlega. Vitað er um lítið notaða FT1000MP stöð

sem er föl á kr. 170 þús. Nokkrar umræður urðu þá um þörf félagsins fyrir stöð af þessu tagi. TF3AOT tók undir tillögu TF3GX og lagði til að stjórn yrði heimilað að eyða allt að 100 þús. kr. úr félagssjóði til þessara nota, en hrykki það ásamt endursöluverði stöðvanna ekki til skuli standa fyrir almennum samskotum félagsmanna fyrir því sem á vantaði. Var það samþykkt samhljóða.

Fleiri mál bárust fundinum ekki og var honum slitið kl. 18:40

TF3VST, Vilhjálmur Sigurjónsson (sign)

Samband við Búra

Þrír amtörar að tala saman, einn í Reykjavík TF3FK, annar við Hrauneyjarfoss TF3WOT, og sá þriðji TF3HP í sumarhúsi við Munaðarnes. Var eitthvað merkilegt við þetta? Jú þetta samband var í gegnum Búra. Beint samband á milli TF3HP og TF3WOT en TF3FK ýmist beint eða hann notaði VHF/UHF link sem settur var upp í Bláfjöllum og nú er hægt að opna Búra með handstöð víðast hvar úr Reykja-vík og einnig víðar t.d. Jónas TF3JFT staddur á Skjaldbreið opnað hann og notaði til þess handstöð. Vonandi eru þessi vandræði sem hafa hrjád Búra á enda og hann komi að fullum notum hér eftir

Fyrir hönd Í.R.A vil ég þakka Landsvirkjun fyrir aðstoðina við lagfæringar á Búra og einnig Sigurði Harðarsyni TF3WST fyrir hans þátt en hann lagði fram Bláfjalla VHF/UHF tækið.

73's de TF3HP

DX-Horn frh.

Hér er ekki um huglægt mat athugandans að ræða, eins og þegar ákvarða skal hvað teljist sólblettur eður ei. Þetta er vel skilgreind mæling með eins konar S-mæli af bestu gerð, og athugun fellur aldrei niður. Sólarflæðið á 10,7 cm bylgjulengd nýtur því vaxandi vinsælda sem mælikvarði á virkni sólar dag frá degi. Flest forrit sem notuð eru nú til dags til að spá fyrir um skilyrðin, reikna á grundvelli sólarflæðis fremur en sólblettatölu. Það er ein þeirra kennistærða sem WWV sendir út á klukku-stundar fresti, hefst þegar klukkan er 18 mínútur yfir heilan tíma. Sömu upplýsingar fást líka á vefnum:

gopher://proton.sel.noaa.gov/00/latest/wwv

og víðar. Sólarflæðið er oft skammstafað SFI (solar flux index), frekar en SF.

Þrátt fyrir vinsældir sólarflæðis, er engu að síður haldið áfram að fylgjast með sólblettum. Með því móti fæst samfella í athuganir sem rekja má 300 ár aftur í tímann. Þegar fjallað er um virkni sólar frá ári til árs, eða sól-blettalotur eru bornar saman, þá er sólblettatalan hinn viðurkenndi mælikvarði.

73's de TF3DX

Fundargerðir stjórnarfunda

4. febrúar 1998.

Stjórnarfundur haldinn á heimili TF3HP og hófst hann kl. 20.30. Mættir voru: TF3HP, TF3VET, TF3AOT, TF3GB og TF3WOT.

AOT las upp fundargerð síðasta stjórnarfundar. GB sagði frá að varahlutir fyrir loftnetið væru komnir til landsins. AOT sagði frá stöðu á TF3NOS. HP talaði um hve CQ TF hafi verið mikil lyftistöng fyrir félagið og ætti TF5BW mikið hrós skilið fyrir sína vinnu við blaðið. Fyrirspurn kom frá WOT hvort eitthvað væri að fréttu af QSL kortum frá Finnunum. HP vildi beina því til næstu stjórnar að fundin yrði leið til að minnka útgáfukostnað við CQ TF. Athuga þyrfti hvort hægt væri að finna einhvern til að styrkja útgáfuna. Eftir kaffihlé, spurði AOT eftir því hvort ennþá ættu einhverjir eftir ógreidd félagsgjöld. WOT svaraði því að 94 hefðu þegar greitt árgjöldin, en þó ættu enn nokkrir ógreitt. HP sagði fréttir frá TF3TXT vegna söfnunar vegna endurvarpa. Voru fréttirnar góðar, gengið hefði vel og menn almennt tekið vel í. HP sagði frá því að herinn á Keflavíkurlflugvelli hefði skilað inn þeim tíðnum sem þeir höfðu afnot af á 6 metra bandinu. Því væri nú tækifæri fyrir okkur að æskja þess að við fengjum afnot af öllu bandinu. AOT minntist á hvort ekki þyrfti að vera búíð að fá fundarstjóra og fundarritara fyrir aðalfundinn.

Fundi slitið kl. 22:45.

Fundargerð ritaði TF3AOT

Fundur í stjórn ÍRA, 4. 3. 1998

Fundurinn hófst kl. 21:00 að heimili formanns. Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3VST, TF3WOT, TF3TXT. Einn gestur, TF3AOT, mætti er leið á fundinn og skilaði gögnumúr vörslu sinni til nýkjörins ritara.

1. Stjórn skipti með sér verkum og skipast þau svo: Varaformaður: TF3TXT Gjaldkeri: TF3WOT Ritari: TF3VST Spjaldskráritari: TF3GB

2. Rætt var um störf prófnefndar varðandi tillögur til breytinga á reglugerð um starfsemi radióamatöra. Almenn ánægja er með þá vinnu sem nefndin hefur þegar innt af hendi og var ákveðið að nota fimmtudagsfund fyrir umræðufund með nefndinni um málið.

3. Rætt um fyrirmæli aðalfundar um að koma HF-stöðvar málumfélagsins í viðunandi horf með kaupum á nýrri stöð. Upplýst er að nær ónotuð

Yaesu FT1000MP stöð er föl á kr. 170.000. Var afráðið að kaupa hana og selja amk. báðar Kenwood stöðvar félagsins. Aðalfundur heimilaði 100 þús. kr. fjárútlát úr félagssjóði og er því ljóst að því sem á vantar þegar söluverð Kenwood stöðvanna hefur verið lagt við þá fjárhæð verður að safna með almennum samskotum félagsmanna.

4. QSL-kort vegna CW WW keppinnar á síðasta ári er að verða tilbúið til prentunar. Liggja myndir og texti fyrir og verður sent til Finnlands, þar sem prentun og á prentun fer fram.

5. Ekki er langt í að QSL kort ÍRA verða á þrotum. Vinna þarf nýtt kort og leita hagkvæmni við útgáfu.

6. Umræður um IOTA. Talað um að koma einhverjum íslenskum eyjum á skrá sem IOTA-eyjum. Nefndar voru Drangey, Vestmannaeyjar og Viðey. Talið rétt að halda e.k. æfingu í IOTA og fá Viðey samþykkt og í framhaldi af því að skipuleggja leiðangur þangað. Í framhaldi þeirrar reynslu væri svo rétt að ráðast til uppgöngu í Drangey sumarið 1999.

7. Endurvarpamál. Talað um að endurvekja Endurvarpanefnd, sem fái aukna ábyrgð og verði falið að skipuleggja og hrinda í framkvæmd hvaðeina sem þörf er á varðandi endurvarpa á vegum félagsins, s.s. staðsetningar, tíðni, loftnet og viðhald. Í endurvarpanefnd skulu skipaðir, séu þeir fánlegir: TF3GW, Þór Þórisson, TF3LJ, Loftur Jónasson og TF3HKT, Haukur Konráðsson. Tengiliður stjórnar við nefndina verður TF3TXT, Heimir S. Jónsson Telur stjórn að rétt sé að næsta verkefni nefndarinnar sé að hafa samráð við þá sem hafa sýnt áhuga á þessum málaflokkum og auglýsa síðan almennan fund í samvinnu við stjórn, t.d. á fimmtudagskvöldi, þar sem kannaður verður hugur félagsmanna og vilji til framkvæmda á þessu sviði. Rétt er að minna á að hópur félagsmanna hefur skotið saman í sjóð til kaupa á nýjum endurvarpa og var síðasta aðalfundi færðar 105 þúsund krónur í því skini. Nefndin skal í framhaldi af því gera tillögur að stefnu félagsins, annarsvegar til skemmri tíma og hins vegar þau langtímamarkmið sem vert er að stefna að.

8. Rætt um kennsluefni til A/T prófs. Ákveðið að safna saman öllu sem kennt hefur verið undanfarin ár og kanna hvað þar er nýtilegt. Einnig að skoða erlent efni sem nýta mætti sem ítarefni með aðlögunum.

Fundi slitið kl. 23:45

Fundargerð ritaði TF3VST

Stjórnarfundur ÍRA, haldinn að Gunnarsbraut 36
1. 4. 1998 kl. 21:00

Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3TXT, TF3WOT
og TF3VST.

Rætt um QSL kort, TF5BW hefur sent ritara tvær
tillögur að bráðabirgðakortum en áfram verður
unnið að því að fá kostun á vönduðu glæsilegu korti.
Eins og nefnt var á síðasta fundi er breytinga að
vænta á notkun 6m bandsins, og er nú staðfest að
varnarliðið hefur látið af notkun á þeirri tíðni. Ritara
falið að senda Póst- og fjarskiptastofnun bréf, vekja
athygli á að komið er að endurnýjun 6m leyfa og
falast eftir varanlegum aðgangi að 6m bandinu.

Endurvarpamál voru næst rædd. TF3TXT sagði
fréttir af endurvarpanum sem var pantaður, en hann
kvað vera í Radióþjónustu Sigga Harðar, skemmdur
en hugsanlega í viðgerðarhæfu standi. Aðrir mögu-
leikar eru í athugun, en ekkert er enn komið fram
sem þykir vænlegt.

Þá var rætt um söfnun minja um upphaf amatör-
radíós á Íslandi. Ákveðið að auglýsa í CQTF eftir
munum á vísí að safni og einnig upplýsingum,
myndum, sögum og sögnum af frumherjastarfi.

Formaður greindi frá umsókn TF3BX, Bergs Axels-
sonar, um B-leyfi. Bergur lagði fram stöðvardagbók
og að lokinni skoðun hennar var mælt með leyfinu.
Rætt um kynningu á amatörradíóstarfi fyrir ung-
menni, tengt sumardegnum fyrsta, eða 17. júní.
Ákveðið að biðja TF3DX, TF3KB, TF3KM og
TF3TF að skipuleggja slíkt starf, ákveða dag og
kalla til aðstoðar þá félagaga sem þarf.

Greinargerð lögð fram um síðustu keppni, sem var
CQ-WPX. Gekk hún vel að mestu og skoraði
keppnissveitin ríflega 1,1 milljón stiga.

Félaginu hefur borist bréf frá TF3RJT þar sem hann
segir frá áhuga nokkurra manna á því að gerast
radíóamatörar. Biðja þeir um námskeið og vilja
auglýsa eftir fleiri þátttakendum innan sinna
vébanda.

Í framhaldi af því var rætt almennt um
námskeiðahald. Var ályktað að þau mál þurfi að taka
föstum tókum með haustinu og stefna bæði að
vönduðu A/T námskeiði og jafnframt að vekja aftur
upp nýliðanámskeið ef tók eru á.

Fundi slitið kl. 11:00

Fundargerð ritaði TF3VST

Verður hætt við frh.

sjó í 70 ár. Mig grunar að aðrar ITU þjóðir geri hið
sama á WRC-99. Morse verður áfram notað til
skemmtunar, en menn munu ekki lengur þurfa að
sanna færni sína í því til að hljóta réttindi.

Hjálparlið bandaríska hersins, sem er mannað af
radíóamatörum hefur ekki einu sinni lagt af mors
heldur hreinlega bannað það.

Enn fleiri ástæður þess að að skilyrði fyrir kunnáttu
í morse verður aflagt, eru áhrif þess á tæknilegar
tilraunir og neyðaraðstoð. Mér finnst einfaldlega
fáránlegt að fara fram á kunnáttu í morse þegar tækni
nútímans er bæði sjálfvirk og háþrúð. Einnig er
fásinna að neita mönnum um þátttöku í
neyðaraðstoð vegna þess að þeir kunna ekki morse.
Mér virðist ljóst að ITU muni leggja niður skilyrði
um kunnáttu í morse án samþykkis IARU eða ARRL
eða nokkurs annars. Eftir að þetta gerist mun
töluverð endurskipulagning eiga sér stað hjá
bandarískum radíóamatörum. Skilyrðið mun ekki
verða lagt niður í einum grænum, það tekur tíma að
koma því í gegnum FCC. Heimur bandarískra
radíóamtöra mun því verða gerbreyttur árið 2002
frá því sem nú er. Það er mín sannfæring að IARU
og ARRL séu meðvitaðir um þetta er að gerast, en
þeir geti ekkert gert til að hindra að þetta gerist.
(Ég er heldur ekki viss um þeir vilji raunverulega
standa á móti breytingunni.) Eins og lofskeyta-
mennirnir eru þeir að berjast fyrirfram tapaðri
baráttu. Málið er bara að þeir verða að fara að vilja
sinna félagsmanna, og tjá þeirra viðhorf. Þeir eru
með öðrum orðum milli steins og sleggju. FCC mun
bráðlega skipa ráðgefandi nefndir fulltrúa á WRC-
99 til að gera tillögur fyrir FCC og bandaríska utan-
ríkisráðuneytið. Ég ætla mér að komast í slíka nefnd.

Sumir radíóamatörar eru á móti því að halda í
umrætt skilyrði. Ég er einn af þeim. Umræðuhópur
hefur verið stofnaður á internetinu sem mun berjast
fyrir breytingum. Heimasíða hópsins er:

<<http://www.nocode.org>>.

Til Sölu.

MFJ 1278B Multi-Mode Data Controller

Verðhugmynd 20.000.00 kr.

TF5BW

Félagatal ÍRA 1998



ÍRA

Íslenskir Radióamatörar

Pósthólf 1058

121 Reykjavík

Formaður ÍRA er TF3HP Haraldur

Pórðarson

Heiðursfélagar ÍRA eru

| Nafn | Kallmerki | Heimilisfang | Sveitarfélag | Sími | E-Mail |
|--------------------|-----------|---------------|---------------|----------|--------|
| Guðjón Einarsson | TF3AC | Fálkagötu 21 | 107 Reykjavík | 551-8857 | |
| Ingi Sveinsson | TF3SV | Efstalundi 6 | 210 Garðabær | 565-6478 | |
| Sveinn Guðmundsson | TF3T | Háteigsvegi 2 | 105 Reykjavík | 551-0907 | |
| Pórhallur Pálsson | TF5TP | Silent Key | | | |

Almennir félagar

| Nafn | Kallmerki | Heimilisfang | Sveitarfélag | Sími | E-Mail |
|------------------------|---------------|---|-------------------|----------|---------------------|
| Andrés Þórarinnsson | TF3AM | Hjarðarlandi 7 | 270 Mosfellsbær | 566-7190 | andres@tv.is |
| Arngrímur Jóhannsson | TF3AD | Leirutanga 6 | 270 Mosfellsbær | 566-6801 | |
| Axel Sölvason | TF3AX | Hraunbæ 44 | 110 Reykjavík | 567-1860 | |
| Ágúst Guðmundsson | TF3AGN | Austurbrún 24 | 104 Reykjavík | 553-2998 | |
| Ágúst Sverrisson | TF3HW | Melhaga 17 | 107 Reykjavík | 562-6431 | |
| Árni S. Jóhannsson | TF3OKT | Hléskógum 21 | 109 Reykjavík | 567-0215 | |
| Ársæll Óskarsson | TF3AOT | Lækjarsmára 78 | 200 Kópavogur | 568-7560 | aosk@islandia.is |
| Ásbjörn Harðarson | TF3LA | Ásgarði 101 | 108 Reykjavík | 553-3044 | |
| Ásgeir H. Sigurðsson | TF3TV | Stapaseli 9 | 109 Reykjavík | 551-2337 | |
| Baldur Þorgilsson | TF3BP | Eskihlíð 22 A | 105 Reykjavík | 552-2343 | |
| Baldvin Þórarinnsson | TF3-033 | Þórsmörk | 210 Garðabær | 555-0608 | |
| Bárður Gunnarsson | TF5BG | Lyngholti 6 | 603 Akureyri | 462-1033 | |
| Benedikt Guðnason | TF3TNT | Snælandi 8 | 108 Reykjavík | 553-4679 | |
| Benedikt Sveinsson | TF3BNT | Háteigvegi 2 | 105 Reykjavík | 551-0907 | bz@nyherji.is |
| Bergur Axselsson | TF3BX | Hraunbæ 198 | 110 Reykjavík | 567-2108 | |
| Bernharð M. Svavarsson | TF3BS | Skálagerði 15 | 108 Reykjavík | 553-9032 | |
| Birgir Baldursson | TF3BB/OZ1LVD, | Hasselvænget 12, DK 2680 Solrød Strand, Danmark | | | |
| Bjarki Brynjarsson | TF3TT/LA0GD | | | | |
| Bjarni H. Alfreðsson | | Stórholti 33 | 105 Reykjavík | | |
| Bjarni Magnússon | TF3BM | Melbæ 5 | 110 Reykjavík | 557-5653 | |
| Bjarni Sverrisson | TF3GB | Hnjúkaseli 4 | 109 Reykjavík | 557-8293 | tf3gb@islandia.is |
| Bragi Reynisson | TF3BRT | Þorfinnsgötu 12 | 101 Reykjavík | 551-1856 | bragi@itn.is |
| Brynjólfur Jónsson | TF5BW | Pósthólf 121 | 602 Akureyri | 462-3058 | tf5bw@nett.is |
| Daníel E. Gunnlaugsson | TF3BCT | Fornuströnd 1 | 170 Seltjarnarnes | 561-6559 | |
| Eggert Steinsen | TF3AS | Furugrund 44 | 200 Kópavogur | 554-1857 | |
| Elías H. Árnason | TF3AEN | Kaplaskjólsvégi 58 | 107 Reykjavík | 552-4013 | |
| Erling Guðnason | TF3EET | Álftamýri 14, 4.hv. | 108 Reykjavík | 568-7781 | erling@centrum.is |
| Eysteinn F. Arason | TF3EF | Hverfisgötu 6 | 220 Hafnarfjörður | 555-4435 | |
| Friðrik Ágúst Pálmason | TF8FP | Garðabraut 47 | 250 Garður | 422-7050 | |
| Friðrik Kristjánsson | TF3FK | Einarsnesi 42 A | 101 Reykjavík | 552-6132 | |
| Gísli G. Ófeigsson | TF3US | Reynimel 82 | 107 Reykjavík | 562-2129 | |
| Gísli Páll Jónsson | | Laugateigi 30 kj. | 105 Reykjavík | 896-2468 | |
| Guðjón H. Egilsson | TF3WOT | Seiðakvísl 8 | 110 Reykjavík | 567-6817 | gudjonhe@treknet.is |

| Nafn | Kallmerki | Heimilisfang | Sveitarfélag | Sími | E-Mail |
|--------------------------|-----------|---------------------|--------------------|----------|----------------------------------|
| Guðlaugur Ingason | TF3GN | Efstalundi 3 | 210 Garðabær | 565-6046 | |
| Guðlaugur K. Jónsson | TF8GX | Sólvöllum-Bergi | 230 Keflavík | 421-5040 | |
| Guðmundur Haraldsson | | Foldhrauni 38 a | 900 Vestmannaeyjar | | gdhhh@eyjar.is |
| Guðmundur Gunnarsson | TF3GG | Suðurhvammi 6 | 220 Hafnarfjörður | 555-3336 | |
| Guðmundur Gústafsson | TF3-068 | Rauðalæk 34 | 105 Reykjavík | 553-1331 | |
| Gunnar Ó. Magnússon | TF3GPT | Hörgslundi 3 | 210 Garðabær | 565-6202 | |
| Gunnar Óskarsson | TF3FB | Asparfelli 6 | 111 Reykjavík | 557-2532 | |
| Gylfi Sveinsson | TF3-042 | Flatahrauni 29 | 220 Hafnarfjörður | 554-2613 | |
| Halldór Christensen | TF3GC | Móaflöt 8 | 210 Garðabær | 565-7354 | |
| Halldór H. Sigurðsson | | Nönnugötu 12 | 101 Reykjavík | 552-9391 | |
| Halldór Karl Högnason | TF3DKT | Selbrekku 17 | 200 Kópavogur | 564-1936 | hkh@kerfi.hi.is |
| Hans K. Kristjánsson | TF3FG | Borgarholtsbraut 1 | 200 Kópavogur | 554-1612 | |
| Haraldur Sigurðsson | TF3A | Miðvangi 159 | 220 Hafnarfjörður | 565-3330 | haraldurs@isholf.is |
| Haraldur Þórðarson | TF3HP | Gunnarsbraut 36 | 105 Reykjavík | 552-0157 | hartor@rhi.hi.is |
| Haraldur Þráinsson | TF3TRT | Tjarnarseli 2 | 109 Reykjavík | 557-3175 | |
| Haukur Jóhannesson | TF3FF | Skjólbraut 15 | 200 Kópavogur | 554-3522 | |
| Haukur Konráðsson | TF3HKT | Kamsvegi 7 | 104 Reykjavík | 568-5212 | haukur@raf.is |
| Haukur Nikulásson | TF3HN | Skipasundi 7 | 104 Reykjavík | 553-9689 | |
| Heimir S. Jónsson | TF3TXT | Sólheimum 25 | 104 Reykjavík | 553-0524 | heiri@itn.is |
| Heimir Þór Sverrisson | TF3ANT | Dalalandi 14 | 108 Reykjavík | 568-0075 | |
| Hermann Georg Karlsson | TF3KC | Digranesheiði 27 | 200 Kópavogur | 554-2608 | |
| Hilmar Árnason | TF6RXN | Silfurbraut 37 | 780 Höfn | 478-1337 | |
| Hrafnhildur Björnsdóttir | | Krummahólum 6 | 111 Reykjavík | 557-7167 | |
| Hörður Sverrisson | TF3-040 | Brekkuhvammi 16 | 220 Hafnarfjörður | 555-3542 | |
| Hörður V. Vilhjálmsson | TF8FRT | Heiðarbrún 41 | 810 Hveragerði | 483-4794 | |
| Höskuldur Elíasson | TF3RF | Álftamýri 2 | 108 Reykjavík | 553-0147 | |
| Ingimundur Björgvinsson | TF3-005 | Ofanleiti 25 | 103 Reykjavík | 568-5801 | ingibj@mmedia.is |
| Ingvar Eggertsson Ísdal | TF3-069 | Haðarstíg 20 | 101 Reykjavík | 552-7525 | |
| Ívar Magnússon | TF3IM | Hlíðarvegi 18 | 200 Kópavogur | 554-3442 | |
| Jakob Geir Kolbeinsson | | P.O. Box 101 | 235 Keflavíkflugv. | 564-3319 | |
| Jakob Helgason | TF3EJ | Hæðarbyggð 25 | 210 Garðabær | 565-7360 | jm@itn.is |
| Jóhann Friðriksson | | Strembugötu 22 | 900 Vestmannaeyjar | 481-1642 | eyglob@ismennt.is |
| Jóhann G. Sigfússon | TF3GSN | Stallaseli 6 | 109 Reykjavík | 557-7802 | |
| Jóhann Grétar Einarsson | TF6GE | Hafnargötu 4 | 710 Seyðisfjörður | 472-1110 | |
| Jóhann Hákonarson | | Frostaskjóli 23 | 107 Reykjavík | 552-3321 | |
| Jóhann Zoega | TF6JZ | Miðgarði 20 | 740 Neskaupstaður | 477-1154 | |
| Jóhannes A. Kjartansson | | Lækjarfit 2 | 210 Garðabær | 565-2806 | |
| Jóhannes B. Birgisson | TF3-007 | Álfhólsvegi 129 | 200 Kópavogur | 554-1821 | |
| Jóhannes Rögnvaldsson | TF3DAT | Smárarima 76 | 112 Reykjavík | 567-0743 | |
| Jón Börkur Ákason | TF9JCN | Hverfisgötu 78 | 105 Reykjavík | 552-2813 | |
| Jón G. Bergsson | TF3JX | Engihjalla 9 íb.10D | 200 Kópavogur | 554-3036 | |
| Jón Ingvar Óskarsson | TF1JIT | Látraströnd 5 | 170 Seltjarnarnes | 587-0550 | |
| Jón Ívarsson | TF3AVT | Fálkagötu 8 | 107 Reykjavík | 562-1431 | |
| Jón M. Brynleifsson | TF3JRT | Breiðvangi 36 | 220 Hafnarfjörður | 565-3614 | |
| Jón Reynir Magnússon | TF3-063 | Pósthólf 462 | 121 Reykjavík | 553-8761 | |
| Jónas Bjarnason | TF3JB | Hvanneyri | 311 Borgarnes | | bjarnason.hagthjonusta@isholf.is |
| Jónas Friðgeirsson | TF3JFT | Tjarnarbóli 8 | 170 Seltjarnarnes | 561-2527 | mrbo@islandia.is |
| Jökull Jóhannsson | | Akurholti 9 | 270 Mosfellsbær | 566-7169 | |
| Karl Sigurðsson | TF3-073 | Reykjabraut 6 | 815 Þorlákshöfn | 483-3683 | |
| Kjartan Guðmundsson | TF3KKT | Laugarnesvegi 102 | 105 Reykjavík | 553-5746 | diesel@itn.is |
| Kjartan H. Bjarnason | TF3BJ | Bæjargili 115 | 210 Garðabær | 565-7351 | kjartan@digital.is |
| Kolbeinn Sverrisson | TF3KST | Vesturgötu 17 A | 101 Reykjavík | 551-9242 | tf3kst@isholf.is |
| Konráð Þórisson | TF3KET | Goðatúni 5 | 210 Garðabær | 565-9096 | konth@skima.is |
| Kristinn Andersen | TF3KX | Austurgötu 42 | 220 Hafnarfjörður | 555-0028 | kiddi@marel.is |
| Kristinn V. Daníelsson | TF8KD | Steinahlíð 1C | 603 Akureyri | 461-1675 | |
| Kristján Benediktsson | TF3KB | Barmahlíð 55 | 105 Reykjavík | 553-1850 | tf3kb@amsat.org |
| Kristján Magnússon | TF3KM | Unnarbraut 28 | 170 Seltjarnarnes | 562-2733 | |
| Kristþór Borg Helgason | TF3TF | Pósthólf 1504 | 121 Reykjavík | 566-7226 | |
| Lárus Hjalti Ásmundsson | | Dalshúsum 73 | 112 Reykjavík | 567-1953 | laruse@hotmail.com |

| Nafn | Kallmerki | Heimilisfang | Sveitarfélag | sími | E-Mail |
|---------------------------|-----------|---------------------------------------|----------------------------|--------------|------------------------|
| Lárus Baldursson | TF3LB | Hamraborg 34 | 200 Kópavogur | 897-5418 | larusb@itn.is |
| Lárus F. Guðmundsson | TF3LFT | Furugrund 68 | 200 Kópavogur | 564-4646 | lgf@impc.is |
| Leifur Guðmundsson | TF3LG | Bauganesi 31 | 101 Reykjavík | 552-4199 | |
| Loftur E. Jónasson | TF3LJ | Njörfasundi 37 | 104 Reykjavík | 568-3586 | loftur@simi.is |
| Mattías Hagvaag | TF3-035 | Holtagerði 62 | 200 Kópavogur | 554-5204 | matthiah@centrum.is |
| Oddur Rúnar Oddsson | TF3OO | Safamýri 34 | 108 Reykjavík | 561-1572 | |
| Ólafur Engilbertsson | TF3SO | Stararima 59 | 112 Reykjavík | 587-3420 | |
| Ólafur Þórir Guðjónsson | TF3MXN | Ánalandi 6 | 108 Reykjavík | 568-1517 | |
| Ómar S. Jónsson | TF3-057 | Pósthólf 1029 | 121 Reykjavík | 562-4527 | |
| Óskar Sverrisson | TF3DC | Goðalandi 20 | 108 Reykjavík | 588-3151 | oskar@kpmg.is |
| Reidar J. Óskarsson | | Rafnkelsstaðavegi 8 | 250 Garður | 422-7213 | |
| Reynir H. Stefánsson | TF6-005 | Holtagötu 3 | 730 Reyðarfjörður | 474-1182 | |
| Ríkharður Sumarliðason | TF3RS | Ástúni 8 | 200 Kópavogur | 564-1950 | |
| Róbert Harry Jónsson | TF3RB | Kötlufelli 5 | 111 Reykjavík | 587-9967 | tf3rb@isholf.is |
| Rúnar Þór Valdimarsson | TF3RJT | Sogavegi 54 | 108 Reykjavík | 562-8338 | asdisulf@mmedia.is |
| Sigurður E. Davíðsson | TF5-252 | Grænumýri 2 | 600 Akureyri | 462-6768 | |
| Sigurður Harðarson | TF3WST | Langagerði 86 | 108 Reykjavík | 568-4440 | |
| Sigurður R. Jakobsson | TF3CW | Parkvænget 13 | DK-8310 Tranbjerg, Danmark | | sigjoh@tv.is |
| Sigurður Smári Hreinsson | TF8SM | Melbraut 17 | 250 Garður | 422-7109 | |
| Sigurgeir Jóhannsson | TF7-001 | Tínhvammi 9 | 220 Hafnarfjörður | 555-4537 | |
| Sigurjón F. Jónsson | TF3SC | Otrategi 38 | 105 Reykjavík | 553-5571 | sfj@itn.is |
| Stefán Arndal | TF3SA | Vesturhólum 15 | 111 Reykjavík | 557-3230 | |
| Stefán E. Sigurðsson | TF3-029 | Skipasundi 88 | 104 Reykjavík | 553-7434 | |
| Steingrímur Sigfússon | TF3SZ | Drápuhlíð 2 | 105 Reykjavík | 552-7068 | |
| Steinn Jóhannesson | TF3-053 | Nönnugötu 16 | 101 Reykjavík | 561-9078 | |
| Sveinbjörn Jónsson | TF3VET | Álfheimum 64 | 104 Reykjavík | 588-3585 | ve@itn.is |
| Sverrir Helgason | TF3FM | Brúnalandi 20 | 108 Reykjavík | 553-7596 | |
| Sæmundur E Þorsteinsson | TF3UA | Kolbeinsmýri 14 | 170 Seltjarnarnes | 561-7017 | saemi@simi.is |
| Tómas Gunnarsson | TF3TG | Fífuseli 39 | 109 Reykjavík | 567-0117 | tomass@isholf.is |
| Valdimar Einarsson | TF3VR | Pósthólf 12006 | 132 Reykjavík | 567-1953 | |
| Valdimar Tryggvason | TF3VA | Álmholti 8 | 270 Mosfellsbær | 566-6597 | |
| Valtýr Einarsson | TF3-030 | Reynimel 82 | 107 Reykjavík | 562-1719 | |
| Vilhjálmur Í Sigurjónsson | TF3VST | Digranesvegi 18 A | 200 Kópavogur | 564-1292 | vilhj@vortex.is |
| Vilhjálmur Þ Kjartansson | TF3DX | Silungalvísl 10 | 110 Reykjavík | 567-4013 | villik@rhi.hi.is |
| Völundur Jónsson | TF5VJN | Hamraborg 26 | 200 Kópavogur | 554-6075 | |
| Yngvi Harðarson | TF3YH | Háleitisbraut 115 | 108 Reykjavík | 568-4789 | |
| Þorkell Gunnarsson | TF3AA | Gnoðarvogi 32 | 104 Reykjavík | 553-6157 | |
| Þorkell Magnússon | TF3BIT | Engjahlíð 3A | 220 Hafnarfjörður | 552-3307 | |
| Þorvaldur Bjarnason | TF3TBT | Langholtsvegi 180 | 104 Reykjavík | 568-5132 | |
| Þorvaldur Stefánsson | TF1MM | Weizman 34 | 22100 Nahariya, Israel | | tf1mm@netvision.net.il |
| Þorvaldur Sveinbjörnsson | N1TF | 5 Rustic Ln., Plaistow, NH 03865, USA | | 603-382-8781 | |
| Þór Friðriksson | | Faxastíg 33 | 900 Vestmannaeyjar | | |
| Þór Þórisson | TF3GW | Rósarima 5 íb.0203 | 112 Reykjavík | 587-2528 | thorth@simi.is |
| Þórarinn Ágústsson | TF5TAT | Pósthólf 55 | 602 Akureyri | 462-5361 | |
| Þórarinn Benedikz | TF3TZ | Álfalandi 11 | 108 Reykjavík | 567-9396 | |
| Þórður Ívarsson | TF3PXT | Hryggjarseli 3 | 109 Reykjavík | 557-4539 | |
| Ægir Bessason | TF3CB | Þrúðvangi 2 | 220 Hafnarfjörður | 555-1157 | |
| Örn Sæmundsson | TF6ZZ | Helgalandi 1 | 270 Mosfellsbær | | |
| Örnólfur Hall | TF3AH | Espigerði 2 | 108 Reykjavík | 568-1619 | |

TAKIÐ EFTIR

Nú er félagatal ÍRA og Radíóskáta fylgirit CQ TF í annað sinn. Að þessu sinni er það sett þannig upp að hægt er að kippa því út úr blaðinu án þess að nokkuð annað efni fylgi. Félagar eru hvattir til að skoða sína skráningu og koma leiðréttingum til stjórnar og ritstjóra. Nokkrar áriðandi spurningar hafa vaknað um útgáfu félagatalssins og hlutverk ÍRA í því sambandi. Ég held að enginn efast um að það sé rétt að gefa út félagatal í CQ TF. En á það að vera á heimasíðu

ÍRA á netinu? Á að hafa símanúmer og E-Mail addressur með? Á ÍRA að koma félagatalinu á framfæri við erlendar kallbækur? Og ef svo hvaða upplýsingar eiga að fylgja? Eiga E-Mail addressur og t.d. staðsetning í lengdar og breiddar gráðum að fylgja? QTH Locator? Eða hvað eina sem boðið er upp á hjá þessum kallbókum. Þetta er nokkuð sem félagar þurfa að gera sér grein fyrir og koma sínum skoðunum á framfæri við stjórn.

Ritstj. TF5BW

Félagatal Radióskáta 1998



Radíóskátar TF3BIS

Snorrabraut 60 3hæð

105 Reykjavík

Sími 552-6655

Formaður Radióskáta er TF3KET Konráð Þórisson

| Nafn | Kallmerki | Heimilisfang | Sveitarfélag | Sími | E-Mail |
|-------------------------|-----------|---------------------|--------------------|----------|---------------------|
| Andrés Þórarinnsson | TF3AM | Hjarðarlandi 7 | 270 Mosfellsbær | 566-7190 | asta@tv.is |
| Atli B. Bachmann | | Kringlunni 61 | 103 Reykjavík | 581-3422 | |
| Ásdís Úlfarsdóttir | | Sóltúni 28 | 105 Reykjavík | 562-8338 | asdisulf@mmedia.is |
| Árni Árnason | | Heiðarholti 22 | 230 Keflavík | 421-6899 | |
| Benedikt Sveinsson | TF3BNT | Hátégvegi 2 | 105 Reykjavík | 551-0907 | bz@cc.is |
| Bragi Reynisson | TF3BRT | Þorfinnsgötu 12 | 101 Reykjavík | 551-1856 | bragi@itn.is |
| Daníel E. Gunnlaugsson | TF3BCT | Fornuströnd 1 | 170 Seltjarnarnes | 561-6559 | danielg@simi.is |
| Einar Örn Arnarson | | Faxastíg 45 | 900 Vestmannaeyjar | | |
| Eulogia Medico (Yollie) | | Þorfinnsgötu 12 | 101 Reykjavík | 551-1856 | |
| Guðjón Helgi Egilsson | TF3WOT | Seiðakvísl 8 | 110 Reykjavík | 567-6817 | gudjonhe@treknet.is |
| Guðmundur Haraldsson | | Foldahrauni 38 A | 900 Vestmannaeyjar | | godhhh@eyjar.is |
| Halldór Christensen | TF3GC | Móaflöt 8 | 210 Garðabær | 565-7354 | |
| Haraldur Þórðarson | TF3HP | Gunnarsbraut 36 | 105 Reykjavík | 552-0157 | hartor@rhi.hi.is |
| Haukur Konráðsson | TF3HKT | Kambsvégi 7 | 104 Reykjavík | 568-5212 | haukur@raf.is |
| Hjalti Þór Guðmundsson | | Lækjarbergi 8 | 220 Hafnarfjörður | 565-1607 | gio@mmedia.is |
| Jóhann Friðriksson | | Strembugötu 22 | 900 Vestmannaeyjar | | eyglob@ismennt.is |
| Jóhanna Konráðsdóttir | TF3JKT | Seiðakvísl 8 | 110 Reykjavík | 567-6817 | joka@rsp.is |
| Jónas Friðgeirsson | TF3JFT | Tjarnarbóli 8 | 170 Seltjarnarnes | 561-2527 | mrboobo@islandia.is |
| Kjartan Guðmundsson | TF3KKT | Laugarnesvegi 102 | 105 Reykjavík | 553-5746 | diesel@itn.is |
| Kolbeinn Guðmundsson | | Burknabergi 8 | 220 Hafnarfjörður | 555-2824 | berkni@islandia.is |
| Kolbeinn Sverrisson | TF3KST | Vesturgötu 17A | 101 Reykjavík | 551-9242 | tf3kst@isholf.is |
| Konráð Þórarinnsson | TF3KET | Goðatúni 5 | 210 Garðabær | 565-9096 | konth@skima.is |
| Kristján Meekósta | | Heiðarbakka 9 | 230 Keflavík | 421-4420 | |
| Lárus F. Guðmundsson | TF3LFT | Furugrund 68 | 200 Kópavogur | 564-4646 | lfg@impc.is |
| Lárus H. Guðmundsson | | Dalshús 73 | 112 Reykjavík | 567-1953 | laruse@hotmail.com |
| Málfríður Haraldsdóttir | TF3FHT | Gunnarsbraut 36 | 105 Reykjavík | 552-0157 | |
| Ólafía Jónatansdóttir | | Kambsvégi 7 | 104 Reykjavík | 568-5212 | |
| Páll Arnar Georgsson | | Áshömrum 75 3F | 900 Vestmannaeyjar | 481-1780 | stanley@eyjar.is |
| Rúnar Þór Valdimarsson | TF3RJT | Sogavegi 54 | 108 Reykjavík | 562-8338 | asdisulf@mmedia.is |
| Sigurður Harðarson | TF3WST | Langagerði 86 | 108 Reykjavík | 568-4440 | |
| Steinþór Nielsson | | Vitastíg 1 | 220 Hafnarfjörður | 555-0225 | |
| Sveinbjörn Jónsson | TF3VET | Álfheimum 64 | 108 Reykjavík | 588-3585 | ve@itn.is |
| Vala Dröfn Hauksdóttir | TF3VDT | Goðatúni 5 | 210 Garðabær | 565-9096 | vad@skima.is |
| Viðar Einarsson | TF3VIT | Asparlundi 5 | 210 Garðabær | 565-6316 | |
| Þór Friðriksson | | Faxastíg 33 | 900 Vestmannaeyjar | | |
| Þór Þórisson | TF3GW | Róasríma 5 íb. 0203 | 112 Reykjavík | 587-2528 | thorth@simi.is |

Nýr opnunartími hjá Radióskátum

Frá og með 1. febrúar verður opið hús hjá okkur á þriðjudögum frá kl 20.30 -???????????

Ef einhver þarf að ná í okkur þá er hægt að hafa samband við Konráð Þórisson í síma 565-9096 eða Rúnar Valdimarsson í síma 562-8338

Sagan á bakvið JOTA og Radióskáta

Árið 1957 var haldið alþjóðlegt skátamót í Sutton Coldfield nálægt Birmingham í mið Englandi. Þarna voru staddir 3500 skátar frá 62 þjóðlöndum. Á þessu móti settu Radióamatörar í fyrsta skipti upp stóra stöð og ráku undir kallmerkinu GB3SP. Síðan þetta var hafa alltaf verið settar upp amatör stöðvar á alþjóðlegum skátamótum. Um það bil 60 manns sem störfuðu við GB3SP náðu sambandi við 1712 stöðvar í 71 þjóðlandi. Fólki sem ekki hafði réttindi radióamatöra fékk ekki að nota talstöðina en yfirvöld leyfðu þó stuttar útsendingar á klukkustundar fresti.

“Shackurinn” var yfirfullur af fólki á hverjum degi mótsins en það var haldið í almenningsgarði og því ómögulegt að takmarka aðgang. Ungur skátaforingi, sem jafnframt var radióamatör, var undrandi yfir hinum mikla fjölda erlendra skáta sem einnig voru radióamatörar og voru á mótinu. Skátaforingi þessi hét Les Mitchell, G3BHK. Hann ákvað því að húa þeim saman. Auglýsing í blaði skátamótsins leiddi til daglegra funda sem voru haldnir í kaffihúsi spölkorn frá mótssvæðinu. Á einum þessara funda ákvað hópurinn að hittast í loftinu eina helgi á ári hverju.

Les áleit að best væri að fá skáta alls staðar að til að taka þátt í þessu því þannig væri tryggt að nægur fjöldi skátastöðva yrði í loftinu til að ná sambandi við ef hinir upprunalegu “kaffihúsaskátar” gætu ekki náð sambandi hvor við annan. Hópurinn ákvað að prófa þetta.

Tveir skátaflokkar ráku stöð í 12 klukkustundir í október 1957. Stöðin var rekin í tjaldi á svæði hins 79. Reading skátaflokks en það var flokkurinn hans Les Mitchell. Með einföldu vírloftneti og 40 watta AM sendi náðu þeir sambandi um allan heim. Áhuginn var slíkur að svona alþjóðlegt “radióskátamót” var greinilega eitthvað sem gæti gengið áfram. Les kallað uppátækið “skátamót í loftinu”

eða Jamboree on the air (JOTA) því það fannst honum þetta vera. Hann bjó til einfaldar reglur sem reyndust svo notadrjúgar að þær hafa verið óbreyttar síðan. Fyrsta JOTA mótið var haldið 10. og 11. maí 1958. Les Mitchell rak þá aftur stöð með skátaflokkinum sínum. Í framhaldi af því óskaði hann eftir að Alþjóðlega skátamiðstöðin sem þá var staðsett í Ottawa tæki yfir JOTA.

Ljóst var að JOTA var komið til að vera og hefur það verið haldið óslitið síðan eða í fjórtíu ár. Það er ætíð haldið þriðju helgina í október ár hvert.



Það má rekja upphaf radióskátastarfs á Íslandi aftur til fyrripartar áttunda áratugarins. Þá var lítil hópur skáta starfandi sem hafði mikinn áhuga á fjarskiptum og tækjasmíði. Þeir gáfu út bæklinga um smíðina og seldu íhlutana í póstverslun. Á Landsmóti 1974 voru þeir síðan og sáu um póst þar sem tækjasmíði var aðalverkefnið. Á Nord-Jamb 1975 voru 5 íslenskir Radióskátar starfsmenn mótsins. Síðan hefur mikið

vatn runnið til sjávar og ýmislegt verið gert. Hópur manna, með föstum kjarna, hefur til dæmis séð um JOTA á Íslandi til fjölda ára.

Árið 1993 fóru síðan áhugamenn um fjarskipti og skátun að spá í að stofna sérstakt skátafélag um Radióskátun. Meðgangan og undirbúningur tók tvö ár, félagið var stofnað 20. febrúar 1995. Stofnfélagar koma víða að, meðal annars úr Hjálpar-sveitum skáta og ÍRA. Allir eiga það sammerkt að hafa brennandi áhuga á fjarskiptum.

JOTA er ætíð hámark starfsins ár hvert og er þá jafnan leitað til félaga í ÍRA til aðstoðar og hefur það jafnan verið auðsótt mál. Enn er JOTA byggt upp á sömu grunnreglum og Les setti fram í upphafi og í sama skátaanda og þá var.

Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VDT

DX-Hornið

Aftur vaðandi DX

Eða þannig sko! Ládeyða síðustu 2-3 ára virðist yfirstaðin. Skilyrðin á 20 m eru allt önnur og betri en á sama tíma í fyrra. Jafndægri, einkum á vori, hefur gjarnan verið besti tími ársins fyrir sambönd um hálfan hnöttinn. Skoðið bara “logginn” og sjáið allar Kyrrahafseyjarnar sem þið hafið klófest í mars og apríl! En undanfarið hefur þessa lítið gætt og alls ekkert í fyrra. En nú varð aldeilis breyting á.

ZL Strax í lok febrúar fóru “skeddar” mínir við ZL1TG að koma í gegn og 8. mars rakst ég á fornvinn minn Alex ZL4IE, sem hefur síðan haft samband við mig 2 - 4 sinnum í viku. Merkin hafa alltaf verið nógu góð og stöðug til að rabba um heima og geima í 1 - 2 klst. í senn á CW, stundum vel á 3. tíma! 15. apríl voru skilyrðin til ZL eins og ég man best fyrir 6-7 árum, við ZL4IE slógum upp í 599 hvor hjá öðrum, báðir með 100 W og einföld vírloftnet ZL3RG var um 10 - 15 dB yfir S9 hér, en hann er með magnara, góða greiðu og turn.

Þegar þetta er skrifað, 19. apríl, hefur enn ekki komið fyrir að skilyrðin til ZL hafi brugðist svo ég viti, flesta morgna hef ég nokkur sambönd og enginn “skedd” hefur farið í vaskinn. Ég er búinn að hitta allmarga gamla vini og líka bætt nýjum ZL kallmerkjum í sarpinn. Ég er venjulega að frá kl. 06:30 og þar til ég fer í vinnuna, oftast um kl. 8, stundum fyrr og stundum seinna.

VK Ástralía hefur verið erfiðari undanfarið ár, kannski bara 2 - 3 sambönd á ári undir það síðasta. En líka þeir eru komnir upp úr táradalnum. Fyrst bar á stöðvum í kringum Brisbane á SP (short path) nálægt hádegis, og þar hefur Paul VK4DJ borið af með sín 100 W, en rombu í norður sem er 330 m á lengri veginn! 9. apríl hafði hann auk mín: TF3GB, TF3GC, TF3KM, TF3TF, TF8GX, TF8SM og loks sjálfan mig aftur sem TF3DX/M, 579 báðar leiðir á bílstöngina. Varla hefur nokkur VK haft fleiri TF-stöðvar í einu, jafnvel ekki á langri ævi!

Merkilegast þykir mér þó að VK kemur nú aftur inn á LP (long path), en það varð ég fyrst var við fyrir 2 vikum eða svo. Þetta er snemma morguns og skilyrðin færast vestur yfir álfuna eins og vera

ber. Vesturhlutinn (VK6) hefur borið af, svona um hálf nú, en þá fer SP að opnast til austurhlutans þegar vel viðrar í fareindahvolfinu. Vel má vera að SP til VK láti meira til sín taka en ég verð var við, því þá er ég sjaldan heima.

Úr loggnum Til að gefa sýnishorn af því sem nú er á seyði, tel ég upp samböndin sem ég hafði í morgun, sunnudaginn 19. apríl: 06:40 (SP) ZL1JON, 08:05 (SP) ZL1MH, 08:23-09:03 (LP) VK6PG, 09:10 (SP) VK4JR, 10:10 (SP) VK2ASB, 10:34-11:05 (SP) VK2BNP, 11:33 (SP) ZL2BB, 12:34 (SP) HL1DH og 12:55 (SP) BV4QW.

“Lids” Það varð minna úr mér í morgun en efni stóðu til á 14.034 kHz, þar sem ZL vinir leita að mér, því FOFI (W6RJ og W6KR) var á 14.025 KHz og dreifði kraðakinu upp um allt bandið svo ég lenti á bullandi kafi. FOMIZ (JA1BK), sem lauk sínum leiðangri fyrir 2 dögum, var enn verri, hann færði hlustunina upp um nokkur hundruð rið eftir hvert QSO og snéri ekki við fyrr en efst í CW hlutanum. Margir náðu ekki að fylgjast með hvar hann hlustaði, svo hann lagði eiginlega allt bandið undir frá sinni senditíðni, 14.024 KHz, og upp úr. Það var sama hvar menn voru með QSO fyrir ofan þessa tíðni, fyrr eða síðar rann skriðan yfir þá. Þegar TF3CW kom frá Banaba, minnst ég þess að hann sagði okkur að þeir hefðu lagt metnað sinn í að halda kraðakinu saman. Þeir hefðu ekki svarað nema nokkur kHz upp fyrir sig, helst ætti að halda sig innan við 3 kHz á CW.


Ný DXCC-lönd. Með nýjum DXCC reglum, sem eru væntanlegar, opnast möguleiki á nokkrum nýjum löndum, eins og Marti útskýrði fyrir okkur í vetur. Gaurangurinn út af fyrrnefndum FO-stöðvum stafaði af þessu. Annar stór leiðangur af þessu tagi, sem er nýlokið, var H4AA til Salómons-eyja í Kínahafi.

Meðal þátttakenda var Tim vinur okkar Totten, N4GN, og þið getið lesið allt um leiðangurinn á vefsíðu hans, <http://www.iglou.com/n4gn/>.

St. Brandon, 3B8RF. Þetta er sjaldgæft tækifæri. Leiðangur ætlar að vera þarna 7.-17. maí n.k., meðal þátttakenda er vinur okkar Yuu, JA3IG(/TF). Sjá: <http://www.3b7-brandon.ch/information/default.htm>

Lota nr. 23 vel á veg stödd.

Hvað veldur þessum umskiptum í skilyrðum? Einfaldlega sólblettalota númer 23! Hún er komin vel af stað eins og 1. mynd ber með sér, nú má vel greina að lágmarkið hefur verið nálægt miðju ári 1996.



1. mynd Sólblettatalan frá upphafi 22. Lotu. Glöggst má sjá byrjun nýju sveiflunnar. Sjá: <http://www.oma.be/KSB-ORB/SIDC>

Fróðleiksmolar

Hvað er sólarflæði (solar flux)?

Í næstsíðasta DX-horni litum við á skilgreiningu sólblettatölunnar. Jafnframt varð okkur ljóst að þessi tala er ekki alveg einhlít. Sé einnig haft í huga að skýjafar getur hulið sólu, er ekki úr vegi að leita annarra leiða til að meta virkni hennar.


Sólin sendir ekki eingöngu á sýnilegu sviði rafsegulbylgna. Allir þekkjja ylinn af innrauðum geislum hennar, en geislunin nær líka niður á radíótíðni og heyrir sem suð í viðtæki. Sjaldnast er það nógu sterkt á HF tíðni til að vekja athygli, en með næmu viðtæki og góðu loftneti sem beint er að sólinni má mæla þessa geislun á VHF og UHF.

Upp úr heimstýrjöldinni síðari var mönnum orðið ljóst að þetta flæði radíóbylgna hélst nánast í hendur við sólblettatöluna. 2. mynd sýnir nýliðna sveiflu eins og hún birtist í sólblettatölu á efra grafinu, og sólarflæði á því neðra. Hér er um meðaltal að ræða, annars vegar hvers mánaðar, og hins vegar jafnað yfir hálf tölur til hvorrar handar, eins og áður hefur verið lýst. Frá degi til dags er fylgnin ekki eins góð. Það sést á 3. mynd, punktarnir dreifast nokkuð út frá beinu línunni, sem sýnir samhengið að meðaltali. Jafna línunnar er: $SF = 73,4 + 0,62 R$

þar sem SF er mælt sólarflæði þann daginn (á hádegi). Myndirnar eru fengnar að láni úr “The New Shortwave Propagation Handbook”.



2. mynd Sólblettatala (efri mynd) og sólarflæði 22. lotu. Samsvörunin má heita algjör þegar meðaltal er notað.



3. mynd Sérhver punktur er einn dagur. Hnit punktsins eru annars vegar sólblettatala (lárétt) og hinsvegar sólarflæði dagsins. ef þessar stærðir fylgdust fullkomlega að, myndu allir punktarnir liggja á beinni línu.

Framhald á síðu 4

Merkilegt merki

Eins og við vitum úr sögu H. C. Andersen getur ein fjöður orðið að fimm hænum, en að hálftré verði að heilu landi er minna þekkt.



Með góðri hjálp frá DXCC-nefndinni er þetta þó ekkert kraftaverk. Eitt slíkt land liggur í Eystrasalti, miðja vega milli


Álands og Svíþjóðar, já þú kannast sjálfsagt við Merkið eða Market Reef OJ0.

Ekki er hægt að segja að Merkið komi mikið við sögu upp í gegnum aldirnar, en þó þarf að fara nokkuð langt til baka til að útskýra núverandi stöðu þess.

Álandseyjar höfðu alltaf verið efnahagslega og menningarlega tengdar Svíþjóð, en sem sérstakt stjórnsýslusvæði. Svíþjóð var stórveldi á þessum tímum og ákváðu svíar árið 1634 að stjórna Álandseyjum frá Finnlandi en þar réðu þeir mestu. Árið 1808 töpuðu svíar stríði við nágrannaþjóðirnar og við friðarsamningana í Fredrikshamn árið eftir urðu þeir að láta Finnland og Álandseyjar af hendi til rússa. Virðist þá sem landamæralínan hafi verið dregin yfir Merkið. Þetta er svo staðfest í skjölum frá 1921 þar sem Álandseyjar fá sína heimastjórn í sjálfstæðu Finnlandi.

Snemma fengu sjófarendur áhuga á að byggja vita á Merkinu og eru til áætlanir frá 1820, en ekkert varð úr framkvæmdum. Tíu metra há járnstöng með fána var þó reist árið 1862, en finnar byggðu svo vita 1885 á þeim eina stað sem hægt var að reisa slíkt mannvirki. Eyjan er bara 350 m löng og hæsti steinninn 4 m yfir sjó. Norðanstormurinn getur náð góðum tókum þarna og sagt er að ekki þurfi nema 6 vindstig til að sjór fari yfir allt Merkið, en voldugur varnargarður ver vitann fyrir verstu áföllunum. Úr vitanum er brú yfir í birgðageymsluna svo vitaverðirnir höfðu nóg að bíta og brenna þótt illviðri geisuðu. Síðasti vitavörðurinn yfirgaf reyndar vitann 1975 en þá tók sjálfvirknin við, bæði til að stjórna vitanum og veðurathugunarstöðinni.

Í ársbyrjun 1980 kom í ljós að vitinn stóð Svíþjóðarmegin við landamærin. Við svo búið mátti ekki standa og komu ráðamenn þjóðanna saman og ákváðu að breyta landamærunum þannig að vitinn yrði á finnsku landi en svíar fengju jafnstóran skika af finnska hlutanum í staðinn. Á fögrum sumardeg



mættust landmælingamenn á Merkinu og eftir 10 tíma vinnu var búið að bora holur í klappirnar og reka niður messingbolta, sem sína hvar nýju landamærin eru. Hlykkjótt eru þau eins og sjá má á kortinu en hafa verið í gildi síðan 1. ágúst 1985. Radíóamatörar hófu sendingar frá Merkinu 1969 og síðan hafa verið gerðir út margir leiðangrar þangað auk þess sem einn af vitavörðunum hafði leyfi. Ekki er alltaf létt að sjá á kallmerkinu að um OJ0 er að ræða því hér kennir margra grasa. Til dæmis eru kallmerkin OH0MA, OH0MAS, OH2KH/M, DF2SN/OH0 og OH2BOZ/OH0M öll frá Merkinu. Síðustu árin eru kallmerki sem byrja með OJ0/ algengust.

Ekki er hægt að ljúka þessum línunum án þess að minnst á sænska hlutann sem ekki er sérstakt DXCC-land. Miðpunktur skersins var á mörkum Uppsala- og Stokkholms- léna (SM5 og SM0). Eftir að landamærunum var breitt sóttu sænskir amatörar um að fá sérstakt kallmerki fyrir Merkið (Märket á sænsku) og fengu SI8MI (MI = Market Island) sem þeir hafa notað nokkrum sinnum síðan 1987.

Verður hætt við CW

Þessa grein fékk ég frá Óskari TF3DC en hún er úr desember hefti CQ frá 1997. Úr lesendabréfadálki blaðsins. Höfundur svarsins er Frederick O. Maia, W5YI. og eru þetta hans skoðanir en ekki mínar.

'73 TF3HP

Spurning :

Hversu langt verður þangað til að hætt verður að skylda menn til að kunna Morse?

Enn er mikið rökrætt um þetta mál meðal radíóamaöra. Allir virðast hafa skoðun á málinu. Baráttan fyrir því að afleggja skilyrði um það að kunna morse við veitingu amatörréttinda byrjaði árið 1994. Það var þá sem hópur amátöra frá Nýja Sjálandi sannfærði þarlend stjórnvöld um það að morse kunnátta væri óþörf.

Á ráðstefnunni WRC-95 sem haldin var í Genf, lagði Nýja Sjáland til að skilyrðið væri aflagt, þegar sent væri á tíðnisviði undir 30 megariðum.

Þá stæði einungis eftir reglan sem kvæði á um "rétt ríkja til að ákveða hvaða tæknileg og önnur skilyrði þeir sem fara með amatörastöðvar þurfa að uppfylla." Það orðalag myndi eftir sem áður leyfa þeim ríkjum sem vildu halda færni í morse lyklun inni í sínum reglugerðum, rétt til að gera það.

Á WRC-95 var ákveðið að fresta málinu til WRC-99 sem haldin verður einhvern tíma um mitt haust 1999, líklega í miðjum Október.

Alþjóðasamband Radíóamatöra (International Radio Amateur Union), sem er alþjóðasamband félaga radíóamatöra skipaði strax nefnd til að fjalla um málið. Það fyrsta sem þeir gerðu var að gefa út skjal sem átti að skapa viðræðugrundvöll allra þriggja ITU svæðanna. Öllum að óvörum þá tók nefndin strax í sama streng og Nýja Sjáland, þe að leggja ætti skilyrði um færni í morse niður. Þeirra rök voru þau að það væri langt þangað til að ITU gæfi radíóamatörum nokkurn gaum, og að skilyrðið myndi hvort eð er verða lagt niður, því væri eins gott að gera þetta strax og langt væri þar til þetta yrði aftur á dagskrá.

Þetta lagðist ekki vel í radíóamatöra. Bæði Svæði 1 og Svæði 3 studdu morse-ið eindregið. Þetta kom mér ekki á óvart. Alþjóðasambandið hefur nú horfið

frá sinni fyrri afstöðu og segir nú að þeir hafi einungis verið að skapa viðræðugrundvöll. Þeim hefur greinilega ekki tekist að sannfæra hinn almenna notanda amatörastöðva um ágæti þess að leggja niður skilyrði um færni í morse. Svæðisráðsefna Svæðis 2 verður haldinn á næsta ári, og líklegt verður að teljast að þar verði lagt til að skilyrðinu verði haldið inni.

En merkir þetta að ástandið verði óbreytt frá því sem nú er? Svo sannarlega ekki. Hvorki IARU né ARRL hafa mikil áhrif í heimi alþjóðasamskipta. IARU hefur aðeins áheyrnaraðild á alþjóðaráðstefnum, það eru ríkisstjórnir sem taka þessar ákvarðanir ekki samtök áhugamanna. Það eru líkur til að hvorki Samskiptanefnd Bandaríkjanna (FCC) né utanríkisráðuneyti bandaríkjanna séu breytingunni fylgjandi.

Þetta er mótsagnakennt mál. Alþjóðsamband Sjófaranda (International Maritime Organisation) er sá alþjóðlegi aðili sem sér um öryggismál allra sjófarenda. Líkt og ITO er IMO undir vernd Sameinuðu Þjóðanna. Aðalstöðvar ITO eru í Genf. Aðalstöðvar IMO eru í London. Ég var þeirrar ánægju aðnjótandi að skoða aðalstöðvar IMO á bökkum Thames.

Á áttunda áratugnum voru verkalýðsfélög atvinnuloftskeytamanna mjög á móti því að leggja niður Morse. Eftir að ITU þjóðirnar greiddu atkvæði um það árið 1983 og 1897 að leggja til nýjar tíðnir til notkunar á sjó, var samþykkt að leggja niður morse og taka upp nútímalegri og áreiðanlegri stafræna og gervihnattatækni. GDMSS kerfið sendir og tekur sjálfvirkt á móti, þannig að það er ekki háð takmörkunum eins og jónasviði jarðar og því að menn standi við tækin. Atvinnuloftskeytamenn eru samt enn á þeirri skoðun að það hafi verið mistök að leggja morse niður, öryggisins vegna.

Verið er að leggja niður notkun á morse á sjó, aðlögunartímabilið byrjaði árið 1993, og það endar í febrúar 1999, þegar tæki til að nota morse um borð í skipum verða jafn úrelt og hestvagnar eru nú. Í dag hlustar bandaríska strandgæslan ekki á 500 KHz rásina, sem var hornsteinn samskipta á

Framhald á síðu 6

Amatörradíósafn

Hugmyndir hafa kviknað innan stjórnar ÍRÁ að kanna áhuga félaga fyrir því að koma upp vísir að safni um amatörradíó á Íslandi.

Því auglýsir stjórn ÍRÁ eftir munum og minjum um upphaf amatörradíós á Íslandi og einnig upplýsingum, myndum, sögum og sögnum af Frumherjastarfi.

Hafið samband við einhvern stjórnarmanna.



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU

Tilkynning frá stjórn ÍRA

Nú er það ljóst að Próttheimar hafa verið seldir undir heilsugæslustöð fyrir Voga og Heima.

Forstöðumaður Próttheima hefur nú þegar auglýst í blöðum eftir húsnæði fyrir unglingsmiðstöð en viðbrögð hafa verið frekar lítil.

Þar með missum við þetta húsnæði og alveg óvíst hvað tekur við og hvenær nýtt húsnæði fæst.

Mikill missir er af þessu svæði og þá ekki síst fyrir þessa frábæru aðstöðu fyrir loftnet og ég held það verði vandfundin betri staður.

73 de TF3HP

TIL SÖLU

HT TCVR YAESU FT-900 MEÐ AUKABÚNAÐI: 1,5-30 MHz CW/SSB/AN/FM. Viðtaka frá 100KHz. CW-sía. Sjálfvirk loftnetsaðlögun og lykill, fullt QSK. Framplötu smellt af, kapall og festingar í bíl. 12 V DC. Sel annað tveggja: 3ja ára á 78.000 eða nýtt á 100.000 kr.

HF TCVR YAESU FT-107M: 160-10m, líka warc. 12V DC/220V AC. 47.000 kr.

VHF/UHF HANDSTÖÐ STANDARD C550: 2 m/70sm. Skannviðtaka FM og AM (Flug). 38.000 kr. aukahlutir.

TF3DX, 567-4013, villik@rhi.hi.is. Fjarverandi frá 15. maí.

Vinsamlegast gerið eina leiðréttingu á félagatalinu en TF3AOT Ársæll Óskarsson er að flytja í Kópavoginn um miðjan júní og fær því nýtt símanúmer sem verður **564-5760 Breytið þessu í félagatalinu.**

Þessu aukablaði er stungið inní CQTF þar sem fréttin um húsnæðismálin barst eftir að blaðið fór í ljósritun en ástæða þótti til að láta félagsmenn vita af því að við værum að missa okkar ágætu aðstöðu í Próttheimum. Einnig er viðauki við DX-Hornið á næstu síðu.

Ritstjóri TF5BW

Viðauki við DX-Hornið

Sama dag og ég sendi pistilinn norður, mánudaginn 20. apríl, urðu önnur strauhvörf í skilyrðum. Umbrot á sólinni eru ekki eingöngu til góðs, þau valda líka deyfingu og stundum svartnætti (black-out) í skilyrðum.

Fyrsta róteindagusan (proton event) sem ég hef tekið eftir hófst þennan mánudag.

Ég varð þess fyrst var á þriðjudagsmorgun, 20 m voru nánast dauðir um 6.30 og 40 m síst betri. Það benti til deyfingar í D-lagi, 40 m ættu að vera líflegri ef gisnu F-lagi væri um að kenna. Síðan er liðin vika, og allur DX-in sem ég var búinn að dásama gufaði upp! Ég átti skedd við Alex, ZL4IE á miðvikudagsmorgun. Ekkert! En ég heyrði F5BMH hafa gott samband við hann. Ég náði svo í frakkann og bað um QSP, en hann sagði bara "R R" og tók að ýsa veðrinu!

Næsti skedd, bæði við ZL1TG og ZL4IE var á föstudag. Sama sagan, heyrði 4N7EC gefa Alex 569. Hann skildi QSP og bar Alex kveðju mína.

Í dag, sunnudag 26. apríl átti ég skedd við W1BIY, hann náði góðu sambandi við G0WXP, en nil hér lengst af. Undir lokin heyrðum við best S 2-3 hvor í öðrum, en komum engu af viti á milli.

Ég hef nú hvorki heyrt ZL né VK í heila viku, en

heyrt ýmsar EU-stöðvar hafa góð sambönd, m.a. við VK á LP.

Þegar gögn um háloftin eru skoðuð, kemur í ljós að sterk röntgenútgeislun frá sólinni sýndi umbrot að morgni mánudagsins. Um klukkustund síðar höfðu róteindir náð til jarðar, og næstu tímana var streymið að aukast, mæligildi í GOES gervitunglum við miðbaug náði að miljónfaldast. Róteindirnar valda því sem kallað er PCA (Polar Cap Absorption), og varir gjarnan í nokkra daga, stundum miklu lengur. D-lagið á heimsskautsvæðunum styrkist svo mjög, að nær engin HF merki komast í gegn. "Polar Cap" fékk heitið páfahúfan á fyrirlestri TF3KB fyrir átta árum.

Svo nú höfum við bæði upplifað nýju sólblettalotuna í formi góðra skilyrða og svartnættis. Við megum búast við því að stöðugleikinn, sem jafnvel við hér í norðurljósabeltinu höfum upplifað síðustu 2-3 árin, sé fyrir bí.

Ástæða þess að við erum svo miklu viðkvæmari fyrir þessum duttlungum sólarinnar en aðrir, eru þær sömu og gefa okkur norðurljósinn. Segulsvið jarðar beinir eindum frá sólinni niður í fareindahvölfíð í námunda við segulskautin.

73's de TF3DX

